

Hvaða samningar gilda í ferðapjónustunni?

Kjarasamningur SGS og SA vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gististöðum og hliðstæðri starfsemi er samningur um lágmarkskjör, lögbrot er að greiða lakar.

Að gefnu tilefni vill félagið benda félagsmönnum sem vinna á gististöðum og veitingahúsum á nokkur atriði:

- Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxta, en hjá 18 ára er miðað við afmælisdaginn. Hafi starfmaður náð 700 vinnustundum hjá sama launagreiðanda, hefur það áhrif á byrjunarlaunataxtann.
 - 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir eitt ár.
 - Vaktir skulu skipulagðar og kynntar með viku fyrirvara, meginreglan er að þær gildi fyrir 4 vikur í senn. Vaktir skulu hafa tilgreindan upphafs- og endatíma.
 - Þegar skipulögð vakt, lengist vegna ófyrirséðra atvika, skal greiða það sem er umfram skráða vakt, með dagvinnu- eða yfirvinnutaxta eftir því sem við á.
 - Óheimilt er að greiða vaktaálag ef ekki er unnið eftir fyrirfram skipulögðum vöktum, þá skal greiða dagvinnu á dagvinnutíma og yfirvinnu á yfirvinnutíma.
-
- Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40(38 stundir er einungis er unnið á álagstíma, t.d. nætuvatrsla) stunda vinnuviku sem fellur utan dagvinnutímabils:
 - o 33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 00:00 mánudag til föstudaga
 - o 45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 alla daga svo og laugardaga og sunnudaga.
 - o 90% álag á stórhátíðardögum og vetrarfrí í samræmi við skil á dagvinnuskyldu.
 - Starfsmaður skal fá greitt fyrir skipulagða vakt til enda, þó honum sé boðið að fara heim vegna verkefnaskorts.
 - Ef **ekki** er unnið á skipulögðum vöktum, skal greiða dagvinnu á dagvinnutíma og yfirvinnu á yfirvinnutíma. Þá gilda önnur ákvæði um neysluhlé, sjá 4. kafla kjarasamningsins.
 - Neysluhlé í vaktavinnu skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.
 - Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
 - Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
 - Að lágmarki skal borga 4 klst. í útkalli.
 - Skoðaðu vel og geymdu alla þína launaseðla.
 - Skrifðu niður vinnutíma þinn ef þú hefur ekki aðgang að vaktatöflu, eða þú telur að tímaskrift sé röng. Kynntu þér appið „Klukk“ sem heldur utanum tímaskráningu.

Rétt er að benda á að í kjarasamningunum hefur verið samið um fyrirkomulag bakvakta. Félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við skrifstofuna ef þeir telja að á sér sé brotið.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofum félagsins, í síma 430 0430 . Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á stettvest@stettvest.is.

ATHUGIÐ! Öll mál sem koma til félagsins eru trúnaðarmál. Innheimtumál verða þó alltaf að vera í nafni starfsmanns.